



Gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár!

Jólin 2013

Á jólum er ljúft að hugsa til vina og þakka fyrir árið sem
senn er á enda runnið.

Við fluttum okkur um set í sumar og erum
enn nær flæðarmálinu en áður, við sömu strandlengju
en innar í Skerjafirðinum, ef svo má segja, við

Arnarvog.

Sjófugl af ýmsu tagi

gleður okkur

og ekki síður ljósið

sem breytir ásjónu jarðar

oft á dag

og slær bjarma á fjöll og nes,
hálsa og hafflöt.

Lífið er undur
og mikið þakkarefni.

Sólin,
sem nú tekur aftur
að hækka á lofti,
gefur kraftinn til að lifa.
Þannig er sköpunarverkið.

Í fornu kvæði sem kennt er við heilagan Patrek,
verndardýrling Íra, segir m.a.

Ég rís upp í dag
í krafti himinsins:
ljósi sólar,
geislum mána,
logabirtu elds,
ógnarhraða eldingar,

skjótaleika vinds,
dýpt sjávar,
staðfestu jarðar,
stöðugleika kletts.

(Þýðing ÖBJ)

„Gangi þér“ og ástvinum þínum „allt að sólu!“

Fríða og Örn Bárður
Nýhöfn 1
210 Garðabæ

- - -

Vatnslitamyndirnar efst eru eftir Örn og sýna myndefni

við Ægisíðu, Nýhöfn og úr Sjálandshverfi.